

Byggðamálaráð

Fundargerð 12. fundar byggðamálaráðs Fjarfundur haldinn 19. nóvember 2020 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Vinnan við gerð stöðumats (grænbókar)
2. Umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarp
3. Önnur mál

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Reinhard Reynisson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Vinna við gerð stöðumats (grænbókar)

Hólmfríður og Reinhard greindu frá vinnu við gerð grænbókar. Sérstaklega var rætt um kafla um lykilvergæfni, áherslur og leiðir. Engar efnislegar athugasemdir komu fram. Stefnt er að því að grænbókin verði tilbúin fyrir komandi mánaðarmót og sett í samráðsgátt stjórnvalda.

2. Umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarp

Í 14. grein lag um opinber fjármál, nr. 123/2015 er eftirfarandi ákvæði: „Innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarps til fjárlaga skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingi umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðaðróun í landinu.“ Byggðastofnun skilaði umsögn sinni þann 31. október sl. og höfðu ráðsmenn fengið hana senda til upplýsinga og var hún rædd.

Í umsögninni kemur fram að það móti hana mjög að í frumvarpi til fjárlaga er ekki birt yfirlit yfir landfræðilega dreifingu tekna og útgjalda ríkisins. Ekki er heldur sýnd landfræðileg dreifing starfa á vegum ríkisins, opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins eða starfa í stofnunum sem hafa stóra hluta tekna sinna af fjárlögum. Ráðsmenn voru sammála um að þrátt fyrir þessa annmarka væri umsögnin góð og myndi meðal annars koma að gagni við endurskoðun byggðaaáætlunar. Aðalsteinn upplýsti að fulltrúar stofnunarinnar hafi þegar átt fund með fjárlaganefnd og að stefnt sé að öðrum fundi um efni umsagnarinnar í janúar n.k.

3. Önnur mál

Formaður greindi frá því að fulltrúi Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja, hafi haft samband og lýst áhuga á að koma á fund byggðamálaráðs til að ræða ýmis mál er tengjast orku- og veitumálum. Ráðsmenn sammála um að fá fulltrúa þeirra inn á fund ráðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.05.